

Ed.

435. Frumvarp til laga

[220. mál]

um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% oliugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafpla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1981. Meginefni frumvarpsins er að framlengja til ársloka 1981 oliugjald til fiskiskipa utan skipta óbreytt frá því sem það var á tímabilinu október til desember 1980, 7.5% af skiptaverði, en lög um tímabundið oliugjald runnu út um síðastliðin áramót.

Oliugjald utan skipta var tekið upp með lögum nr. 4 2. mars 1979 til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun oliuverðs olli íslenskum sjávarútvegi. Gjaldið var í fyrstu 2.5% af skiptaverði en var síðan hækkað í 7% í maí og í 12% (gjald utan skipta) í júlí 1979, enda fór oliuverð þá ört hækkandi. Undir lok ársins 1979 og framan af árinu 1980 var hins vegar um tiltölulega litla breytingu á útsöluverði olíu að ræða og var oliugjald þá lækkað í áföngum í 2.5% í mars 1980. Á síðari hluta árs 1980 varð hins vegar umtalsverð hækkun á oliuverði og frá 1. október í fyrra var oliugjaldið hækkað í 7.5%. Frá þeim tíma hefur enn orðið hækkun á oliuverði, einkum svartolíuverði. Verð á svartolíu var 1 281 króna hvert tonn í byrjun október en er nú 1 710 krónur og frekari hækkun er fyrirsjáanleg á næstunni. Verð á gasolíu var 2.10 krónur hver lítri í október en er nú 2.35 krónur. Ætla má að oliuverð til fiskiskipa hækki að meðaltali um 33% frá október síðastliðnum til mars á þessu ári.

Hin mikla hækkun oliuverðs frá því í ársbyrjun 1979 kemur meðal annars fram í því að oliukostnaður botnfiskveiðiskipa verður í byrjun mars um 19.5% af heildartekjum (án oliugjalds) en á árinu 1978 var oliukostnaðurinn um 12.5% af heildartekjum.

Ákvæði einstakra greina frumvarpsins eru að öllu leyti óbreytt frá því sem gildi síðustu mánuði ársins 1980.